

Foreldraráðsfundur – Föstudagurinn 7. júlí 2023

Mætt: Steinunn Baldursdóttir leikskólastjóri, Dóróthea Elísdóttir, aðstoðarleikskólastjóri, Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir, Inga Berta Bergsdóttir og Hafdís Lára Halldórsdóttir

1. Starfsmannahald

Steinunn fór yfir væntanlegar breytingar í starfsmannahaldi. Hún er á leið í ársleyfi og nokkrir starfsmenn að hætta, aðrir að bæta við sig og verið er að vinna úr umsóknum.

2. Húsnæðismál

Til stendur að stækka Klettaborg og fjölga börnum eitthvað. Stækkunin mun vera í formi gáma sem koma sitt hvoru megin við leikskólann. Annars vegar fyrir börn og hins vegar starfsmannaaðstaða.

Rætt um að mikilvægt sé að fá meira pláss fyrir þau börn sem eru nú þegar, þó möguleiki verði á að bæta einhverjum við með slíkri stækkun.

Þessi stækkun er enn í skoðun og ekki búið að taka neinar lokaákvæðanir.

Skólastjórnendur hafa athugasemdir varðandi tengingu gámabyggingar við aðalbyggingu.

3. Önnur mál

Steinunn sagði okkur frá þróunarverkefninu Farsæld barna - Stuðningur við uppeldisfærni foreldra sem Klettaborg mun taka þátt í, í samstarfi við Háskóla Íslands. Mun koma allt betur í ljós í haust.

GHS ritaði.